

## Skýrsla stjórnar Gammadeildar fyrir starfsárin 2018 – 2020.

### Vetrarstarf Gammadeildar 2018 – 2019:

Þann 30. maí vorið 2018 var ný stjórn kosin á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var að Augabrún, hjá Herthu W. Jónasdóttur. Formaður var kjörin María Pálmadóttir og aðrar stjórnarkonur skiptu með sér verkum. Edda Pétursdóttir varaformaður, Hildur Skarphéðinsdóttir ritari og vefstjóri og Hildur W. Jónasdóttir, meðstjórnandi. Björg Eiríksdóttir starfaði með stjórn sem gjaldkeri.

Stjórnin ákvað fljótlega að setja upp dagskrá fyrir veturinn 2018 - 2019. Vetrarstarfið fékk yfirskriftina **Færni 21. aldar: með áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun, tækni og samvinnu.**

Fundað var níu sinnum og voru fundir haldnir á ólíkum stöðum.

**Fyrsti fundur á kjörtímabili stjórnar** var haldinn þann 4. september í Golfskála Keilis. Fyrir fundinn hittust Gammasystur í Íshúsi Hafnarfjarðar sem er sjálfsprottið samfélag skapandi einstaklinga og aðsetur fyrir frumkvöðla í íslenskri hönnun. Formaður hóf fundinn og færði Ingibjörgu Jónasdóttur féлага í Gammadeild blómvönd en hún var ný kjörin formaður Evrópudeildar DKG á Alþjóðáþingi samtakanna sem fram fór í Austin, Texas í júlí það sumar. Ingibjörg Einarsdóttur sagði frá Alþjóðáþinginu þar sem tvö þúsund konur voru samankomnar, þar af átta frá Íslandi. Hún skynjaði mikinn áhuga hjá þingheimi að koma til Íslands næsta sumar.

**Annar fundur** var haldinn þann 1. október á heimili Bjargar Eiríksdóttur í Kópavogi. Aðalfyrirlestur kvöldsins var í höndum Gunnars Hersveins en hann flutti hugleiðingu sem bar heitið **Hvað er menntun?** og fjallaði m.a. um markmið menntunar. Gunnar gaf orðið laust og miklar umræður spunnust út frá erindi hans. Bryndís Steinþórsdóttir bauð dýrinds afmælistefni í tilefni nýliðins 90 ára afmælis síns og mun þetta hafa verið hennar síðasti fundur með okkur.

**Þriðji fundur** var haldinn þann 7. nóvember í leikskólanum Sæborg við Starhaga. Aðalefni þess fundar var framsaga Soffíu Þorsteinsdóttur fyrrverandi leikskólastjóra Sæborgar. Hún sagði frá ítölsku uppeldisstefnunni frá Reggio Emilia og áhrifum hennar á starfseminu. Gammasysturum baust svo að ganga um leikskólann og virða fyrir sér verk og viðfangsefni nemenda sem voru afar margbreytileg.

**Fjórdi fundur**, sem var hefðbundinn jólafundur, var haldinn þann 4. desember á heimili Gerðar G. Óskarsdóttur en þar var jólalegt að vanda. Sigríður Haglín Björnsdóttir, fréttamaður og rithöfundur, las upp úr bók sinni **Hið heilaga orð**. Miklar umræður sköpuðust um innihald bókarinnar. Meðal annars var rætt um lesblindu og hvað þeir sem eiga við hana að etja eigi oft erfitt með að skapa sér stöðu í þjóðfélaginu. **Eyland**, fyrri bók Sigríðar, varð einnig umræðuefni

þar sem þó nokkrar Gammakonur höfðu lesið hana og söguefni hennar vakið mikla athygli hjá þeim.

**Fimmti fundur** var haldinn þann 10. janúar á heimili Ingibjargar Jónasdóttur. Félagskonur höfðu fengið það verkefni að lesa bókina **Ungfrú Ísland** eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Formaður kynnti Jórunni Sigurðardóttur til leiks sem hafði verið beðin um að stjórna árlegri bókmenntaumræðu Gammadeildar. Eftir umfjöllun Jórunnar um bókina skiptu konur sér í hópá og veltu upp spurningum og ræddu álitamál. Eftir kaffihlé settust allir saman og ræddi hver hópur sína upplifun af bókinni. Jórunn tók virkan þátt í umræðunni sem var fjórleg, innihaldsrík og margvísleg sjónarhorn viðruð.

**Sjötti fundur** deildarinnar var haldinn þann 4. febrúar í Setbergsskóla. Aðalerindi kvöldsins hélt Gerður G. Óskarsdóttir og þar það yfirskriftina **Svipmyndir úr kennslustundum í íslenskum framhaldsskólum: Frumkvæði nemenda og samvinna** og er rannsókn sem unnin hefur verið í framhaldsskólum á Íslandi. Jóna Benediktsdóttir forseti landssambands DKG var gestur fundarins og fór hún yfir helstu málefni samtakanna.

**Sjöundi fundur** fór einnig fram í Setbergsskóla og var haldinn þann 6. mars. Aðalefni fundarins var helgað snjalltækjum í skólastarfi og innleiðingu innan skóla í Hafnarfirði. Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, kennslufulltrúi í upplýsingatækni hjá Fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðarbæjar, Hildur Ásta Viggósdóttir, verkefnastjóri UT mála og Helga Magnúsdóttir, umsjónarkennari báðar við Setbergsskóla kynntu sitt verksvið.

**Áttundi fundur** var haldinn þann 4. apríl í Kerhólum, Borgartúni. Við upphaf fundar minntust Gammasystur Sigrúnar Aðalbjarnardóttur sem lést 19. mars það ár. Hún var ein af stofnendum Gammadeildar. Pálína Jónsdóttir sem einnig er ein af stofnendum deildarinnar flutti minningarorð um Sigrúnu en þær útskrifuðust saman úr Kennaraskólanum árið 1944 og voru góðar vinkonur alla tíð. Sigrún var virkur félagi í Gammadeild þar til heilsan brást.

Aðalefni fundarins var fyrirlestur Eirúnar Sigurðardóttir, myndlistarkonu, um Skapandi ferli og Gjörningaklúbbinn. Hún sagði frá bók sinni **Skapandi ferli** sem hún ákvað að semja eftir reynslu sína sem kennari í Listaháskólanum. Eirún sagði síðan frá reynslu sinni sem starfandi myndlistarkona í Gjörningaklúbbnum og sýndi myndir frá ferli hans. Í lokin lagði Eirún verkefni fyrir Gammakonur sem skiluðu fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á aðeins 10 mínútum.

**Níundi fundur** var vorferð deildarinnar sem farin var þann 28. maí. Gammakonur héldu þá út fyrir borgarmörkin og var ferðinni heitið á Eyrarbakka þar sem húsráðendur í Bakkastofu, þau Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson, tóku á móti okkur með fróðleik og söng. Það var bæði ánægjulegt og notalegt að sitja í húsakynnum þeirra hjóna og hlýða á sögur Ástu og tengingar við fólk og staði. Valgeir lét sitt ekki eftir liggja, söng fyrir okkur og spilaði á gítar nokkrar perlur úr sinni smíðju. Að því loknu gengum við yfir í **Húsið** þar sem örfundur var

settur. Konur voru hvattar til að skrá sig á Alþjóðlega ráðstefnu DKG og formaður bað félagi að senda í pósti hugmyndir um þema fyrir næsta starfsár.

**Alþjóðleg ráðstefna DKG** var svo haldin í Reykjavík dagana 25. – 27. júlí 2019. Mjög vel tókst til og ráðstefnan vel sótt af konum víðsvegar að úr heiminum. Gammasystur fjölmenntu og áttu sína fulltrúa í undirbúningi þingsins en Ingibjörg Jónasdóttir, Evrópuforseti, var þar í stýrihópi auk þess sem Gammasystur tóku að sér ýmis verkefni tengd ráðstefnuhaldinu.

### **Vetrarstarf Gammadeildar 2019 – 2020:**

Síðara starfsár Gammadeildar á kjörtímabilinu hófst þann 2. september á haustfundi sem haldinn var í Árbæjarsafni. Þar fengum við leiðsögn Önnu Þorbjargar Þorgrímsdóttur, þjóðfræðings, um sýninguna **Saga hjúkrunar á Íslandi í 100 ár**. Þar var rakin sú þróun sem orðið hefur frá því að umönnun hvíldi að mestu á heimilum og góðgerðasamtökum og allt til okkar tíma þegar hjúkrunarfræðingar sinna fjölbreyttum störfum sem breyst hafa í takt við framfarir í tækni og vísindum. Þrátt fyrir þær framfarir sem orðið hafa í samfélaginu veltu konur fyrir sér hvernig auka mætti hlut karla á þessum vettvangi og hvort hugmyndir samfélagsins varðandi hjúkrun og stöðu kynjanna ættu þar hlut að máli.

Eftir fróðlega leiðsögn héldu konur í Dillonshús og fundur settur. Sagt var frá Alþjóðaráðstefnunni sem haldin hafði verið í júlí og margar konur úr Gammadeild sóttu auk þess sem Gammadeild átti fulltrúa sem komu að skipulagi ráðstefnunnar. Vorum við stoltar af okkar konum. Gerður var góður rómur að ráðstefnunni sem konum þótti í alla staði vel heppnuð.

Áður en fundi var slitið var dagskrá vetrarins kynnt en stjórnarkonur ákváðu, eftir að hafa leitað eftir hugmyndum Gammasystra, að halda áfram í anda síðasta starfsárs en hafa yfirskriftina **Áskoranir 21. aldar**.

**Annar fundur** vetrarins var haldinn þann 1. október í húsnæði menntavísindasviðs HÍ þar sem Dr. Kristín Jónsdóttir, Gammasystir, flutti erindi um **Mikilvæg tengsl heimilis og skóla í nútímasamfélagi**. Erindið var fróðlegt og varpaði nýju ljósi á ýmis sjónarmið í samstarfi heimilis og skóla. Á fundinum minntust Gammakonur látinnar Gammasystur, Bryndísar Steinþórsdóttur, með hlýhug og virðingu en Bryndís lést síðsumars.

Farið var yfir framkvæmdaáætlun DKG 2019 – 2021 og samskipta- og útgáfunefnd kynnt en sú nefnd kom í hlut Gammakvenna. Eftir glæsilegt kaffihlaðborð var fundi sliti og konur héldu heim á leið.

**Þriðji fundurinn** var haldinn 6. nóvember að Einholti 12. Eftir hefðbundna fundarliði og umræður um félagsstarfið var komið að aðalerindi kvöldsins. Enn var leitað til félagskvenna og á fundinum flutti Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir fróðlegt erindi sem bar heitið **Hvernig getum við búið æskuna sem best undir að takast á við samtíð sína og framtíð**. Eftir erindið spunnust fjörugar samræður um efni Sigrúnar, svo líflegar voru samræðurnar að heldur dróst á langinn að slíta fundi sem tókst þó að lokum.

**Fjórði fundur** vetrarins og jólafundur deildarinnr var haldinn þann 4. desember að heimili Gerðar. Gammakonur komast alltaf í jólaskap þegar þær hittast heima hjá Gerði. Að venju var boðið upp á léttan drykk við komu og eftir hefðbundin fundarstörf tókum við á móti gesti okkar sem að þessu sinni var Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir, og las hún upp úr bók sinni **Óstýriláta mamma og ég**. Það var spennandi að heyra hvað Sæunn hafði að segja og upplesturinn varð kveikja að fróðlegum og skemmtilegum samræðum og vangaveltum. Í kaffihléi svignaði borðið undan gómsætum kræsingum í boði Gammakvenna sem kvöddust glaðar á þessum síðasta fundi ársins.

**Fimmti fundurinn** sem verið hafði á dagskrá þann 7. janúar var afboðaður vegna óhagstæðra veðurskilyrða og því haldinn síðar, eða þann 15. janúar. Gammasystur hittust á heimili Ingibjargar Jónasdóttur. Eins og hefð er fyrir byrjuðum við árið á bóka fundi og að þessu sinni urðu fyrir valinu ungmennabækur og höfðu konur val um tvær bækur sem voru **Nornin** eftir Hildi Knútsdóttur og **Fjallaverksmiðja Íslands** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor við menntavísindasvið HÍ, var gestur okkar og fylgdi hún bókunum úr hlaði. Síðan skiptu konur sér í hópa og deildu skoðun sinni á þeirri bók sem þær höfðu valdið. Ekki var annað að sjá en að ungmennabókmenntirnar hefðu fallið vel í kramið enda Gammakonur léttar í lund og ungar í anda.

**Sjötti fundur** vetrarins var haldinn í Setbergsskóla þann 6. febrúar. Gestur fundarins var Auður Anna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar. Ræddi hún m.a. um sjálfbæra þróun, loftslagsmálin, og um tengsl milli loftslagsbreytinga og hverfandi tungumála heimsins og minni menningarfjölbreytni. Á fundinn buðum við með okkur konum úr öðrum deildum en einnig konum sem áhuga höfðu á að kynna sér starf DKG. Í fundarboði þess fundar voru kynntar tillögur að nýjum félagskonum sem teknar voru inn í deildina hér áðan.

**Sjöundi fundur** var haldinn þann 2. mars að Einholti 12. Dagskrá fundarins bar yfirskriftina **Hvað brennur á ungu kynslóðinni**. Fulltrúar tveggja félagasamtaka, Unicef og Amnesty International, sögðu frá starfi sínu. Það var fróðlegt og lærdómsríkt að hlusta á framsögu fulltrúa ungu kynslóðarinnar og þær umræður sem sköðuðust eftir kynningu þeirra áhugaverðar. Eftir kaffihlé voru konur settar í hópa og fjölluðu þær um innra starf deildarinnar. Er það hugsað sem innlegg stjórar í félagsstarfið með það að markmiði að heyra raddir Gammakvenna um starf deildarinnar og framtíð hennar.

**Áttundi fundur** sem fyrirhugaður var þann 2. apríl féll niður vegna samkomubanns. Á þeim fundi ætluðum við að hittast í Dalskóla og fræðast um Landgræðsluskólann en fyrirhugað var að Dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir yrði gestur fundarins.

Lokafundur deildarinnar, á starfstíma fráfarandi stjórnar, er nú haldinn hér að Hliði á Álftanesi.

Félagskonur voru 43 við upphaf starfstímabils 2018 – 2019 og hafa þær tekið virkan þátt í starfi deildarinnar. Tvær konur létust á tímabilinu, þær Sigrún Aðalbjarnardóttir og Bryndís

Steinþórsdóttir, en þær voru báðar stofnfélagar Gammadeildar. Við minnumst þeirra með söknuði og virðingu. Nú hafa tvær konur bæst í hópinn og fögnum við komu þeirra í deildina. Gammasystur eru nú 43 talsins.

Ég vil þakka samstarfskonum mínum í stjórn fyrir ánægjuleg kynni og vel unnin störf. Ég vil þakka þeim sem lagt hafa okkur lið og flutt erindi á fundum og verið með orð til umhugsunar fyrir þeirra framlag. Þá vil ég ekki síst þakka þeim sem boðið hafa húsakynni sín fyrir fundi deildarinnar. Að lokum vil ég þakka ykkur öllum, kærur Gammasystur, fyrir notaleg kynni og einstaklega góð samskipti á liðnum starfsárum fráfarandi stjórnar.

Fyrir hönd stjórnar Gammadeildar 2018 – 2020,  
María Pálmadóttir, formaður.